

Fundargerð 15. fundar

Föstudaginn 23. október 2020 var haldinn 15. fundur verkefnishóps um Sveitarfélagið Suðurland.

Fundurinn var haldinn í fjarfundi í gegnum Zoom.

Fundinn sátu:

- Anton Kári Halldórsson, formaður
- Arndís Harðardóttir
- Ágúst Sigurðsson
- Ásta Berghildur Ólafsdóttir
- Björk Grétarsdóttir
- Christiane L. Bahner
- Egill Sigurðsson
- Einar Freyr Elínarson
- Eva Björk Harðardóttir
- Lilja Einarsdóttir
- Margrét Harpa Guðsteinsdóttir
- Sandra Brá Jóhannsdóttir
- Valtýr Valtýsson
- Þorbjörg Gísladóttir

Páll Tómasson boðaði forföll.

Auk fulltrúa í verkefnishópnum sátu fundinn Róbert Ragnarsson og Jón Hrói Finnsson, verkefnisstjórar.

Jón Hrói ritaði fundargerð.

Formaður setti fund kl. 7.30

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð 14. fundar var borin upp og samþykkt án athugasemda.

2. Viðhorfskannanir

Jón Hrói kynnti drög að inngangi, spurningum og svarmöguleikum. Við áður samþykktar spurningar sbr. fundargerð 14. fundar bætist spurning nr. 4: „Hefurðu kynnt þér verkefnið Sveitarfélagið Suðurland?“ með eftirfarandi svarmöguleikum:

- Já, með því að mæta á íbúafund
- Já, með því að skoða efni á www.svsudurland.is
- Já, með öðrum hætti, þá hvaða?
- Nei hef ekki kynnt mér verkefnið „Sveitarfélagið Suðurland“
- Nei, ég hef ekki heyrt af verkefninu „Sveitarfélagið Suðurland“ áður.
- Veit ekki
- Vil ekki svara

3. Fjárhagsleg staða verkefnisins

Róbert fór yfir upplýsingar um áfallinn kostnað og bar saman við áætlun verkefnisins. Áfallinn kostnaður miðað við framvindu er nokkru lægri en áætlað var.

4. Íbúafundir

Rætt um framvindu og skipulag íbúafunda. Fjórum fundum af fimm er lokið. Almenn ánægja er með fundina meðal fulltrúa í verkefnishópnum. Þátttaka á fundunum hefur verið framar vonum.

Á fundunum hafa komið fram áhyggjur íbúa af því að forsendur breytist í ferlinu, t.d. ef eitt eða fleiri sveitarfélög ákveða að vera ekki með í formlegum viðræðum, eða að sameining verði samþykkt í einhverjum sveitarfélögum en ekki öllum.

Verði niðurstaða verkefnishópsins að mæla með því að formlegar viðræður um sameiningu verði hafnar, mun verkefnishópurinn leggja til við sveitarstjórnir að þær samþykki formlegar viðræður með fyrirvara um að öll sveitarfélögin samþykki til að tryggja að sveitarstjórnnum gefist færi á að kanna hug íbúa til breyttra forsendna. Eins var ákveðið að mælast til þess að heimild í 2. mgr. 120. gr. sveitarstjórnarlaga, svokölluð 2/3 regla, verði ekki nýtt komi til þess að sameiningartillaga verði samþykkt af íbúum í hluta sveitarfélaganna.

5. Næstu fundir verkefnishóps

Samkvæmt ákvörðun verkefnishópsins á 14. fundi er næsti fundur fyrirhugaður þann 30. október nk. til að fara yfir niðurstöður íbúafunda. Rætt um möguleika á frestun hans um viku til að gefa meiri tíma til vinnu með gögnin frá fundunum. Formaður tekur ákvörðun um frestun ef tilefni er til.

Formaður sleit fundi kl. 09:10